

13. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 29. september 2022 á Laugarvatni

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÞ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur G. Sigurbergsson, (GGS) Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE) á fjarfundi, Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Lárus B. Lárusson (LBL) á fjarfundi, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri, Einar Þorvaldur Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri

Forföll: Embla Líf Hallsdóttir, fulltrúi ungmennaráðs

Formaður setti fund kl. 10:04

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra og fjármálastjóra

UMFÍ er flutt frá Sigtúni 42 og er í tímabundnu húsnæði á Hafnartorgi.

2. Fundargerðir nefnda

- 15. Fundargerð framkvæmdastjórnar
- 2. 3. og 4. Fundargerð útgáfu- og kynningarnefndar
- 9. Fundargerð ungmennabúðanefndar
- 8. Fundargerð fjárhags- og fasteignanefndar
- 9. og 10. Fundargerð ungmennaráðs
- 3. Fundargerð vinnuhóps um íþróttahéruð og lottóreglur
- 3. 4. 5. og 6. Fundargerð móta- og viðburðanefndar

3. Staða nefndarstarfs, verkefna og stefnumótunar

Sjá stöðu verkefna neðst í skjalinu.

Í gær fóru fram vinnufundir þriggja nefnda.

- GG fór yfir vinnu útgáfu- og kynningarnefndar og niðurstöður markaðskannana sem gerðar voru í mars og apríl sl.
- RH fór yfir vinnu móta- og viðburðanefndar.
- GPÞ fór yfir vinnu vinnuhóps um íþróttahéruð og lottóreglur.

4. Fjármál

- Uppgjör fyrstu 8 mánaða ársins 2022 lagt fram til kynningar
- Yfirlit um orlofsskuldbindingar starfsfólks lagt fram - framkvæmdastjóra og fjármálastjóra falið að ljúka málinu.
- Drög að uppgjóri ULM 2022 lagt fram til kynningar
- Fjárhagsáætlun 2023 - Farið yfir rekstraráætlun næsta árs, sem lögð verður fyrir Sambandsráðsfund.

5. Sambandsráðsfundur

Verður á Höfn 15. október. Á dagskrá eru: Skýrsla stjórnar, ársreikningar, stefnumótun, íþróttahéruð, mótahald, ímyndar- og kynningarmál, LUF, Þrastalundur og afhending hvatningarverðlauna.

6. Þrastalundur, Þrastaskógur

Veiðileyfi. V63 hefur ekki greitt fyrir veiðileyfi 2022. Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að samningnum verði rift í samræmi við ákvæði í samningnum varðandi vanskil. - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar

Stjórn lýsir vonbrigðum með óleyfisframkvæmdir leigutaka í Þrastaskógi. Á fundi leigutaka með fulltrúum stjórnar UMFÍ, var beiðni um þessar framkvæmdir hafnað. Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma formlegum athugasemdum á framfæri við leigutaka.

7. Tilnefningar í nefndir

Fulltrúar UMFÍ vegna unglíngalandsmót 2023 og Landsmóts UMFÍ 50+.

Móta- og viðburðanefnd leggur til að MS verði skipuð í framkvæmdanefnd Unglíngalandsmóts 2023 og GÓ í framkvæmdanefnd Landsmóts UMFÍ 50+ 2023. Jafnframt er óskað eftir því að ungmennaráð UMFÍ tilnefni fulltrúa í framkvæmdanefnd ULM. Stjórn samþykkir tillöguna.

8. Fundaáætlun fram að þingi 2023

Farið yfir fundáætlun út kjörtímabilið, skrifstofu falið að senda öllum fundarboð.

9. Uppgjör verkefna

- Ferð til Osló
- Vorfundur
- Ungt fólk og lýðræði

10. Bréf sem borist hafa

- Yfirlýsing og erindi frá ÍBR - stjórn lýsir yfir ánægju með frumkvæði ÍBR í málaflokknum og lýsir yfir áhuga á því að taka þátt í samstarfinu. Framkvæmdastjóra falið að setja sig í samband við ÍBR.
- Bréf frá forsetaembættinu vegna forsetahlaups - Stjórn þakkar forseta Íslands fyrir bréfið og samstarfið.
- Bréf frá UMSK vegna tímabundins reksturs skrifstofu UMSK (GGS og LBL viku af fundi undir þessum lið) - Stjórn samþykkir að mæta beiðni UMSK til reynslu. Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga við UMSK.

*Fundi slitið kl. 15:45
SÓJ ritaði fundargerð*

YFIRLIT VERKEFNA

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Markaðsátak	Í vinnslu	September 2022	GG
Tölvukerfi	Í vinnslu	Lok árs 2022	GÞG

YFIRLIT AÐGERÐARÁÆTLUNAR

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Eftirfylgni markaðskönnunar	Í vinnslu	4. ársfj. 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Umfjöllunarefni í 2.tbl. Skinfaxa	Í vinnslu	4. ársfj. 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Greining á reglum	Ekki hafið	4. ársfj. 2022	Móta- og viðburðarnefnd

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Fjárhagsáætlun 2023	Lokið	4. ársfj. 2022	Fjárhags- og fasteignanefnd
Umfjöllunarefni í 3.tbl. Skinfxa	Í vinnslu	4. ársfj. 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Mat á mótahaldi	Í vinnslu	4. ársfj. 2022	Móta- og viðburðanefnd
Endurmat á aðstöðumálum	Ekki hafið	4. ársfj. 2022	Ungmennabúðanefnd
Úthlutun úr Fræðslu- og verkefnasjóð	Ekki hafið	Desember 2022	Sjóða- og fræðslunefnd